

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi Urriðaholts vesturhluta:

1. *Breyting á ákvæði skipulagsskilmála.*  
Breyting á ákvæði um inn- og útdregna byggingarreiti.
2. *Bæjargata 1 og 3-7.*  
Við breytingu fækkar íbúðum úr 6 í 5, lóðirnar sameinast og húsagerðir breytast. Byggingarmagn minnkar.
3. *Vikurgata 1-9.*  
Við breytingu fækkar íbúðum úr 5 í 4. Byggingarmagn minnkar.
4. *Dýjagata 2-8.*  
Við breytingu fækkar íbúðum úr 4 í 3. Byggingarmagn minnkar.
5. *Holtsvegur 23-25.*  
Við breytingu fjölgar íbúðum úr 12 í 16-19. Byggingarmagn íbúða helst óbreytt en eykst í bílageymslum.
6. *Holtsvegur 27-33.*  
Við breytingu fjölgar íbúðum úr 6-8 í 6-9 á hverri lóð. Byggingarmagn íbúða helst óbreytt en eykst í bílageymslum.
7. *Holtsvegur 35-37.*  
Við breytingu fjölgar íbúðum úr 22-24 í 22-27. Byggingarmagn íbúða helst óbreytt en eykst í bílageymslum.
8. *Holtsvegur 39-47.*  
Við breytingu fjölgar íbúðum úr 33-42 í 32-45. Byggingarmagn íbúða helst óbreytt en eykst í bílageymslum.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 4. apríl 2013.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.